



Meðalhraði

Mundu eftir því að láta spurninguna koma fram í svarinu.

Útskýrðu hugtakið meðalhraði og reiknaðu eftirfarandi dæmi:

- Heimsmet Usain Bolt í 100 m spretthlaupi er 9,58 sekúndur. Hver var meðalhraði hans í hlaupinu?
- Heimsmet Usain Bolt í 200 m spretthlaupi er 19,19 sekúndur. Hver var meðalhraði hans í hlaupinu?
- Heimsmet Aries Merrit í 110 m grindahlaupi karla er 12,80 sekúndur. Hver var meðalhraði hans í hlaupinu?
- Áslaug hjólar 60km á fjórum klukkustundum. Hver er meðalhraði hennar?
- Þegar Nanna hjólar, nær hún meðalhraðanum 25 km/klst. Hversu langt hjólar hún á þremur klukkustundum?
- Jóna ók á bíl sínum frá Húsavík á Borgarfjörð Eystri og hafði ekið 260 km þegar hún komst á leiðarenda. Meðalhraði Jónu (á Kartöflunni) var 92 km/klst Hversu lengi var hún á leiðinni?

Afurð: Docs skjal

VIÐMIÐ UM ÁRANGUR:

- ☐ Ég get reiknað meðalhraða.
- ☐ Ég vanda uppsetningu, málfar og stafsetningu.

HÆFNIVIÐMIÐ:

- Að nemandi:
- ☐ geti beitt algengustu hugtökum og heitum í náttúrugreinum unglingastigsins.

VAL
Einstaklings-
verkefni

